

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Benchmark Genetics Iceland hf. Kalmanstjörn



Dags eftirlits	28.4.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ella Kristín Geirsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Kristmannsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú ný frávik frá ákvæðum starfsleyfis komu fram í eftirliti. Snúa að rekstri fiskeldisstöðvar án starfsleyfis (1) og að framleiða fisk umfram heimildir í starfsleyfi (2).

Tvö eldri frávik eru opin og snúa bæði að framleiða fisk umfram heimildir í starfsleyfi árin 2017 og 2018.

Ein ábending var gerð um tiltekt á lager fyrirtækisins og að farga því sem ekki verður endurnýtt.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Ella Kristín Geirsdóttir, Auður Eyberg Helgadóttir, Kristján Kristmannsson og Davíð Harðarson og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

1. Staða starfsleyfismála, staða mats á umhverfisáhrifum vegna 600 tonna leyfis, framleiðsla umfram starfsleyfi
2. Yfirferð á frávikum og ábendingum fyrri ára og núverandi staða metin
3. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
4. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
4. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
5. Skoðun á búnaði og lóð

1. Stöðin er rekin án starfsleyfis þar sem starfsleyfið rann út 26. apríl sl. Þetta er frávik. Umsókn rekstraraðila um undanþágu UAR frá starfsleyfi var hafnað þann 12. maí sl. 28. apríl sl var sótt um framlengingu starfsleyfisins til Umhverfisstofnunar sem hefur ekki verið afgreidd. Sótt var um nýtt starfsleyfi á síðasta ári.

Skipulagsstofnun hefur staðfest með bréfi frá 13. febrúar 2020 að stækkun eldisstöðvar Benchmark Genetics (Stofnfisks) að Kalmanstjörn í 600 tonn falli undir tölulið 10.24 í viðauka laga nr. 106/2000 og sé háð mati á umhverfisáhrifum. Áætlað er að vatnsöflun (4- 35 ‰) verði 1103 l/sek.

Unnið er að vinnslu deiliskipulags fyrir Nesveg 50 þar sem eldisstöðin er staðsett.

2. Farið var yfir eldri frávik og ábendingar. Í síðasta eftirliti (2019) voru skráð sex frávik frá kröfum í starfsleyfi. Öllum eldri frávikum hefur verið lokað nema þeim sem snúa að framleiðslu umfram heimildir í starfsleyfi. Úrbótasáætlun rekstraraðila snýr að því að bæta kyngreiningarbúnaði og eins að því að sækja um stærra leyfi og er það í farvegi eins og segir hér að framan, deiliskipulag í vinnslu og unnið að mati á umhverfisáhrifum.

Framleiðslumagn á árinu 2019 var um 290 tonn og á síðasta ári var framleiðslumagnið um 261 tonn og er því bæði árin áfram frávik frá kröfum í starfsleyfi vegna framleiðslu umfram heimildir. Óskað verður eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna þessa, en eldra frávik vegna framleiðslu umfram heimildir eru áfram opin. Þrjár ábendingar komu fram í eftirlitsskýrslunni frá 2019 og hefur rekstraraðili afgreitt þær farsælega.

3. Rekstraraðili hefur skilað upplýsingum vegna olíugeyma (neyslu- og húsageyma) og mun stofnunin deila þeim gögnum með heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis.

4. Skoðaðar voru áætlanir sem liggja skulu fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa, neyðaráætlun vegna massadauða og vöktunaráætlun stöðvarinnar. Nokkrar umræður sköpuðust og ætlar rekstraraðili að vinna áætlanir áfram og senda uppfærðar áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar og viðbragðsáætlun til eftirlitsaðila um hæl.

Rekstraraðili hefur sent niðurstöður mælinga og ársyfirlit (fyrir 1. maí sl.)

Losun á köfnunarefni (N) og fósfor (P) til sjávar eru ásættanleg. Fosfor er undir losunarmörkum þegar reiknað er út

frá fóðri (formúla Wang).

Útrás frárennslis var skoðuð og sáust ekki set né útfellingar við útrásina.

Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar upp á 1 000 000 SDR.

5. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits ársins 2021. Breytingar á flokkum og vægi þeirra í áhættumati fyrir fiskeldi á landi voru kynntar. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður sent til rekstraraðila um eða eftir næstu áramót.

6. Umgengni er almennt góð. Nokkuð er af gömlum búnaði sem geymt er innan lóðar og bent var á að mætti farga ef endurnýting er ekki líkleg.

Sláturhús / fiskverkun er með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis. Nýtt sláturhús er í byggingu og góður hreinsibúnaður verður í frárennslis þess. Allt frárennslis fer í safnþró. Blóðvatni og lífrænum úrgangi er dælt upp á bandsíu með 200 µm hreinsibelti og blóðvatn dauðhreinsað með ósoni en fiskúrgangur fer í Skinnfisk ehf. fóðurvinnslu.

Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna var rædd. Formalín er notað til að baða áframeldisfisk til þess að koma í veg fyrir sníkjudýrasmit og sveppasýkingar. Eins er Vidalife notað til þess að auka heilbrigði fiskanna. Við þrif og sótthreinsun kerja eru Virex og Fantur 77 notuð. Öryggisblöð eru til staðar, geymsla efnanna var skoðuð og er ásættanleg.

Engin óhöpp hafa orðið síðan síðast var komið í eftirlit og engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæðum í reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.	Allur atvinnurekstur, sbr. I., VII., IX. og X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018, skal hafa gilt starfsleyfi. Starfsleyfi Benchmark Genetics á Kalmanstjörn rann út 26. apríl 2021.
ákvæði í grein 1.2 í starfsleyfi	2019 framleiddi rekstraraðili lax umfram þau 200 tonn sem heimildir leyfa.
ákvæði í grein 1.2 í starfsleyfi	2020 framleiddi rekstraraðili lax umfram þau 200 tonn sem heimildir leyfa.




## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að tiltekt á lager væri þörf og að farga mætti hlutum ef endurnýting er ekki líkleg.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.06.2021



---

Gottskálk Friðgeirsson

